

Reykjavík, 23. október 2023
Tilvísun: 23060113

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
B.t. Halldóru Viðarsdóttur, sérfræðings
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027, 241. mál.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) vísar til beiðni nefnda- og greiningarsviðs Alþingis (velferðarnefnd Alþingis) frá 10. október 2023 varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027 (þskj. 244, 241. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024).

Stofnunin fagnar tillögunni þar sem hún felur í sér að lögð verði áhersla á framkvæmdaverkefni í málefnum barna sem miði að því að börn verði sett í öndvegi í allri nálgun með það í huga að tryggja bæði gæði þjónustu og jöfnuð í barnaverndarstarfi á landsvísu.

Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir því að á tímabili framkvæmdaráætlunarinnar verði unnið að tveimur verkefnum þar sem GEV ber lykilaþbyrgð. Annars vegar er um að ræða *gerð og útgáfu gæðaviðmiða í barnaverndarþjónustu*, sbr. 1. tölul. E-liðar í tillögunni. Er GEV ætlað að bera ábyrgð á gerð og útgáfu gæðaviðmiða í samstarfi við helstu hagsmunaaðila, m.a. Mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofu og Félagsráðgjafafélag Íslands. Hins vegar gerir tillagan ráð fyrir því að innleidd verði *Málavog* til að stuðla að gæðum í starfi barnaverndarstarfsmanna. Er GEV einnig ætlað að bera ábyrgð á innleiðingu *Málavogarinnar* ásamt Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 2. tölul. E-liðar í tillögunni.

GEV telur brýnt að framangreindum verkefnum verði hrint í framkvæmd enda er þeim ætlað að bæta gæði og öryggi í þjónustu við börn. Eitt af meginverkefnum GEV er að sinna eftirliti með gæðum barnaverndarþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum um barnavernd, sbr. 1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, og að þróa gæðaviðmið fyrir þá þjónustu sem stofnunin sinnir eftirliti með.

Í fyrri greinargerð með framkvæmdaáætlunni kemur fram að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sinnir eftirliti með gæðum barnaverndarþjónustu sem veitt er skv. lögum um barnavernd líkt og fram kemur í 1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021. Í lögunum er stofnuninni enn frekar falið að þróa gæðaviðmið fyrir þá þjónustu sem stofnunin sinnir eftirliti með. Með viðmiðum er átt við leiðbeiningar til þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar um að sinna þjónustu með ákeðnum hætti. Gæðaviðmið skulu hafa það að markmiði að stuðla að auknum gæðum í þjónustu. Þá eru gæðaviðmið fyrir barnavernd mikilvæg til þess að tryggja gæði þjónustu og stuðla að því að

samræma þjónustu, verklag, ferli og kerfi auk þess að skýra þær kröfur sem gerðar eru til þjónustunnar.

Í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni kemur fram að Mennta- og barnamálaráðuneytið muni hafa yfirumsjón með framkvæmd áætlunarinnar og að ráðuneytið muni bera ábyrgð á tilteknum aðgerðum í áætluninni. Kemur einnig fram í greinargerðinni að allar aðgerðir sem settar séu fram hafi verið kostnaðarmetnar og að heildarkostnaður vegna þeirra á tímabili áætlunarinnar séu 841.500.000 krónur og rúmist innan fjárheimilda.

Með umsögn þessari leggur GEV áherslu á að stofnuninni verði tryggt fullnægjandi fjármagn svo stofnunin geti með góðu móti sinnt þeim aðgerðum sem henni er ætlað að sinna samkvæmt E-lið í tillögunni. Jafnvel þó svo að setning gæðaviðmiða í íslenskri velferðar- og félagsþjónustu sé eitt af lykilverkefnum í kjarnastarfsemi GEV, þá er verkefnið umfangsmikið og krefst þátttöku og samráðs við fjölmarga hagsmunaaðila. Hjá GEV er í undirbúningi áætlun um setningu gæðaviðmiða sem hafa það að leiðarljósi að auka virði þjónustunnar, uppfylla þarfir þjónustuþega, bæta gæði, efla samhæfingu og samstarf þjónustuveitenda og til lengri tíma draga úr kostnaði og skila ábata fyrir samfélagið.

Fyrir hönd GEV vill undirrituð því fúslega kynna með hvaða hætti GEV hefur hug á að ráðst í þetta mikilvæga verkefni sem mun byggja á öflugu samráði við haghafa og bestu gagnreyndu þekkingu.

GEV gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

F.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,



Herdís Gunnarsdóttir forstjóri